

Fundargerð – 556. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 19. mars kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Öundur Jónasson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Aðrir gestir: Halldór Eiríksson

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Grænt bókhald 2023
3. Óendurskoðaður ársreikningur fyrir 2023
4. Tillaga að breytingu á samþykktum Kölku fyrir aðalfund
5. Erindi frá Suðurnesjabæ
6. Ný sorporkustöð á Suðurnesjabæ
7. Upplýsingaöryggisstefna Kölku til afgreiðslu
8. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir öryggismál, starfsmannamál, brennslu í febrúar sl., stöðu ýmissa verkefna, drög að kerfishandbók, stöðuna í Grindavík og umsókn til UST.

2. Grænt bókhald 2023

Framkvæmdastjórinn fór yfir grænt bókhald Kölku árið 2023. Tekið var á mót 19.443 tonn, þar af fóru 11.520 tonn í brennslu, 488.500 kg. í gas og jarðgerð, 376.180 kg. í orkuvinnslu, 4.295.672 gr. frákeyrt til endurvinnslu. Aukning í endurvinnslu fyrir utan gas- og jarðgerð eru 222.764 tonnum. Áætla má að um 100 tonn af málmum hafi verið urðuð meðan blautbansið var bilað. Endurnýting önnur en brennsla vörubretti, fatnaður og nytjahlutir úr Kompunni 169.069 tonn. Framkvæmdastjórinn fór næst yfir efnistöðul milli ára, niðurbrot endurvinnslu/nýtingar.

3. Óendurskoðaður ársreikningur fyrir 2023

Halldór Eiríksson fór yfir drög að óendurskoðuðum ársreikningi Kölku fyrir árið 2023. Áætlað er að ársreikningur verði lagður fyrir stjórn á næsta fundi, 9. apríl og seinna í sömu viku 11. apríl verði haldinn aðalfundur Kölku.

4. Tillaga að breytingu á samþykktum Kölku fyrir aðalfund

Framkvæmdastjórinn fór yfir drög að tillögum að breytingum á samþykktum Kölku fyrir aðalfund félagsins árið 2024. Breytingar voru gerðar á 1., 2., 3., og 8. gr. samþykktanna. Helstu breytingarnar eru gerðar á 3 gr. þar sem bætt er inn texta um undantekningu frá meginreglu um skiptingu kostnaðar og tekna. *Stjórn hafði engar athugasemdir og samþykkti tillögurnar.*

5. Erindi frá Suðurnesjabæ

Framkvæmdastjórinn fór yfir erindi Suðurnesjabæjar, þar sem tekið var undir bókun stjórnar um flokkunartölur. Framkvæmdastjórinn fór jafnframt yfir svör framkvæmdastjóra við erindi þeirra. Kapp er lagt á að umbeðin úrgangstölfræði verði birt fyrir lok mánaðarins.

6. Ný sorporkustöð á Suðurnesjum

Framkvæmdastjórinn fór yfir mögulega nýja sorporkustöð í Helguvík/Bergvík. Framkvæmdastjórinn upplýsti að haldinn hafi verið fundur með Kadeco, erlendum ráðgjöfum, framkvæmdastjórum Kólku og fulltrúum HS orku. Einnig var farið yfir af hverju Kalka ásamt öðrum ætti að taka frumkvæði, hver sjónarhóll Kólku er og hver staðan á þessu verkefni er í dag. Önundur vék af fundi kl. 18:30. Stjórn Kólku leggur áherslu á að Kalka verði fullur þátttakandi í áframhaldandi vinnu við þetta verkefni. Framkvæmdastjóra falið að leiða það verkefni fyrir hönd Kólku.

7. Upplýsingaöryggisstefna Kólku til afgreiðslu

Þessum dagskrárlið frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

Rætt um mögulega ferð til að skoða aðrar brennslur.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:20

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 9. apríl 2024

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson